

Staða fataiðngreina

nám, starfsumhverfi, þróun og
kröfur um færni

Apríl 2005



Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fataiðngreinar

Unnið fyrir Starfsgreinaráð í hönnunar- og handverksgreinum

Apríl 2005

Hildur B. Svavarsdóttir

Kristjana Stella Blöndal

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. FRAMKVÆMD	4
3. NÁMSFYRIRKOMULAG	4
4. STARFSUMHVERFI	5
5. FÆRNIKRÖFUR OG ÞRÓUN.....	6
5.1 <i>Bakgrunnur</i>	6
5.2 <i>Kröfur um færni</i>	8
5.3 <i>Mikilvægi færniþátta og námsþátta</i>	11
6. TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á NÁMI	13
7. SÍMENNTUN OG ÓSKIR UM NÁMSKEIÐ	17

MYNDASKRÁ

Mynd 5.1.1 Menntun.....	7
Mynd 5.2.1 Samskipti og samvinna	9
Mynd 5.2.2 Skipulagsfærni	10
Mynd 5.3.1 Færniþættir – mikilvægi og mat á eigin getu.....	11
Mynd 5.3.2 Námsþættir – mikilvægi og mat á eigin getu.....	12

TÖFLUSKRÁ

Tafla 5.2.1 Grundvallarfærni.....	8
Tafla 5.2.1. Meðferð gagna og upplýsingatækni.....	10
Tafla 5.6 Nýir námsþættir	15
Tafla 7.1 Óskir um námskeið	17

1. INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Starfsgreinaráð í hönnunar- og handverksgreinum. Hér er lýst úttekt á stöðu starfa í fataiðngreinum ásamt viðhorfum til nýbreytni í námi í fataiðngreinum. Markmið úttektarinnar voru eftirfarandi:

1. Skoða störf í fataiðngreinum og kröfur til starfsfólks um ýmsa færniþætti.
2. Almenn lýsing á starfssviði.
3. Hugmyndir um fyrirkomulag náms í fataiðngreinum og endurskoðun þess.

Undirbúningur úttektarinnar hófst haustið 2004 en framkvæmdin var að mestu á tímabilinu janúar til mars 2005. Umsjón með verkinu hafði Hildur B. Svavarsdóttir en einnig kom Heiður Hrund Jónsdóttir að gagnasöfnun.

Úttektin byggði á grunni spurningalista sem notaður hefur verið frá árinu 1995 til að skoða færni kröfur og þróun starfa, fyrst hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og svo hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sérstakar viðbætur við spurningalistann fyrir þessa úttekt voru gerðar af Starfsgreinaráði hönnunar- og handverksgreina, fræðslunefnd Félags nema og sveina í fataiðngreinum, kennurum úr Iðnskólanum í Reykjavík og Félagi meistara og sveina í fataiðngreinum.

Í skýrslunni er fyrst greint frá skipulagi náms í fataiðngreinum eins og það er nú og fjölda nemenda. Einnig er samantekt á framboði tengdra áfanga í öðrum framhaldsskólum. Þar næst er starfsumhverfi fataiðngreina lýst eins og þátttakendur í þessari úttekt upplifðu það. Svo er sagt frá niðurstöðum um færni kröfur og þróun starfa í fataiðngreinum, um viðhorf til nýjunga í námi í fataiðngreinum og að lokum frá símenntun og óskum um starfstengd námskeið.

2. FRAMKVÆMD

Alls var rætt við 19 aðila í fataiðngreinum. Aðallega var rætt við meistara og sveina sem störfuðu við fagið en einnig var rætt við kennara í fataiðngreinum og fulltrúa Fagfélags meistara og sveina í fataiðngreinum. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 5.-17. febrúar 2005 og voru viðmælendur heimsóttir á vinnustað sinn eða annan stað sem hentaði viðmælendum. Viðmælendur voru valdir af félagaskrá Félags meistara og sveina í fataiðngreinum auk þess sem farið var eftir ábendingum um viðmælendur sem væru utan félagsins en hefðu mikla reynslu af störfum í fataiðngreinum og af miklu að miðla. Vel gekk að fá viðmælendur til að veita viðtal, einungis einn vildi ekki taka þátt. Starfsumhverfi fataiðngreina í dag gerði það að verkum að flestir viðmælenda unnu hjá mjög litlum fyrirtækjum, oft sem þeir höfðu stofnað sjálfir. Þau stærri fyrirtæki í greininni sem enn starfa voru heimsótt svo niðurstöðurnar ættu að geta gefið ágæta mynd af stöðu fataiðngreina um þessar mundir.

3. NÁMSFYRIRKOMULAG

Nám í fataiðngreinum er nú 159 einingar og velja nemendur annað hvort kjólasaum eða klæðskurð. Greinarnar eru að mestu kenndar saman en á síðustu önn námsins velja nemendur í hvorri grein þeir vilja útskrifast og eru þá kenndar sérgreinar sem tilheyra kjólasaumi annars vegar og klæðskurði hins vegar. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í iðnmeistaránám í greininni. Meðalnámstími er fjögur ár, sjö annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun. Starfsþjálfunin er launuð. Sérgreinar eru 115 einingar, almennar greinar eru 28 einingar og starfsþjálfunin 16 einingar.¹ Þessar námsbrautir eru eingöngu kenndar í Iðnskólanum í Reykjavík. Vorönn 2005 var 51 nemandi skráður við nám á þessum brautum; þar af voru á lokaönn námsins 9 í kjólasaumi og 8 í klæðskurði. Tveir nemendur voru karlar en 49 konur. Auk þess voru tveir nemendur (konur) skráðir í meistaránám, annar í klæðskurði og hinn í kjólasaumi.² Undanfarin ár hafa 12-15 nemendur útskrifast á ári hverju úr grunnnáminu.

¹ Unnið m.a úr brautarlýsingu menntamálráðuneytis. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/>

² Hagtíðindi – Skólamála. 90. árgangur, nr.1. 2005:1.

Nokkrir framhaldsskólar bjóða áfanga á listnámsbrautum sínum sem koma inn á kennslugreinar fataiðngreina. Þetta eru t.d. Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Flensborgarskóli, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Sá síðast nefndi hefur einnig í boði sérstaka handíðabraut. Algengt er að þessir séu áfangar í boði á sérsviðum listnámsbrautanna sem heita t.d. „fata- og textílhönnun“ eða „hönnunar- og textílkjörsvið“. Á þessum námsbrautum er lögð áhersla á sniðagerð, kennslu á saumavélar og önnur tæki tengd fataiðngreinum, prufusaum og að gera skissur eða teikningar að flíkum. Ekkert matskerfi er á milli þessara áfanga og fataiðngreinanámsins í Iðnskólanum í Reykjavík.

4. STARFSUMHVERFI

Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi í fataiðngreinum á síðast liðnum árum. Fyrirtækjum í (fjölda)framleiðslu á fatnaði hefur fækkað og hjá þeim fyrirtækjum sem enn starfa er mikill hluti framleiðslunnar saumaður í öðrum löndum. Verkefni þeirra sem starfa hjá slíkum fyrirtækjum hafa því oft breyst yfir í að vinna með fatahönnuðum að frumgerðum flíka, s.s. gera snið, sauma prufuflíkur og hafa eftirlit með framleiðslunni sem flutt er inn. Atvinnutækifærum virðist hafa fækkað á þessu sviði og margir hafa því stofnað lítil fyrirtæki sem sinna sérsaumi og breytingum. Að sögn kennara fara nemendur auk þessa í störf hjá saumastofum leikhúsa, minni framleiðslufyrirtækjum og starfa sem innkaupastjórar hjá fataverslunum. Einnig taka margir kennsluréttindanáms og fara í kennslu eða í framhaldsnám í hönnun.

Viðmælendur höfðu þetta að segja um breytingar á starfsumhverfi í fataiðngreinum:

- Aukinn innflutningur, minni saumur hér heima.
- Störfín eru þannig að 2-3 fagmenn vinna saman, lítil fyrirtæki ganga vel. En þú færð ekki gott starfsfólk og þess vegna leggst þessi iðnaður af því þú ert ekki með besta fólkíð.
- Allt hrúnið í fataiðnaði, verksmíðjur farnar og litlar saumastofur eiga erfitt.
- Minna framboð af störfum og fólk verður að skapa sér atvinnu sjálf.
- Allt farið úr landi, lítil samskipti við fólk hér heima, sniðagerð og drapering er gerð úti.
- Engar forsendur fyrir stóra framleiðslu hér á landi, allt flutt út. Eftirspurnin er samt að aukast, þetta kemur kannski aftur.
- Betri aðbúnaður, betri saumavélar, skemmtilegri efni.
- Fyrirtækjum fækkar og tækifæri til að vinna í greininni verða færri.
- Allt flutt erlendis, ódýrara vinnuafli. Færri störf í boði fyrir faglært fólk. Sumir í einhæfari störfum, stundum komnir langt frá því sem þeir menntuðu sig til, orðið meira skrifstofustarf.
- Allt minnkað, innfluttur fatnaður er ódýr. Það er samt nauðsynlegt að hafa saumafyrirtæki, t.d. vegna vinnufata. Atvinnumöguleikar flestra er að starfa sem einyrkjar, þurfa að skapa störfín sjálf.
- Ekkert má kosta og því er allt framleitt úti. Launakostnaður á Íslandi er of hár og því hefur starfsmönnum fækkað. Störf oftast þannig að verið er að breyta flíkum sem koma að utan, búa til grunnflíkur sem senda á út.

5. FÆRNIKRÖFUR OG ÞRÓUN

5.1 Bakgrunnur viðmælenda


Rætt var við 18 konur og einn karl. Flestir voru á aldrinum 31-40 ára, eða 10 viðmælendur, þrír voru 20-30 ára, þrír 41-50 ára og einnig voru þrír 51-60 ára. Viðmælendur höfðu að meðaltali starfað í 12 ár við fagið. Sá sem styst hafði starfað hafði þriggja ára starfsreynslu en sá sem hafði starfað lengst hafði 35 ára reynslu. Flestir höfðu 6-10 ára starfsreynslu. Um helmingur viðmælenda vann hjá fyrirtækjum sem þeir höfðu stofnað sjálfir eða í félagi við aðra, 33% voru launþegar og aðrir unnu hjá opinberum aðilum eða voru verktakar á eigin nafni. Þeim sem unnu sem launþegar hafði í flestum tilvikum verið boðið starfið, mjög fáir höfðu sótt um eftir atvinnuauðglýsingu.

Flest fyrirtækin voru lítil, eða með færri en fimm starfsmenn. Þó var rætt við þrjá starfsmenn fyrirtækja með 6-10 starfsmenn, 16-20 starfsmenn og 51-100 starfsmenn. Viðmælendur voru beðnir að lýsa í stuttu máli starfsemi fyrirtækjanna. Flestir sinntu sérsaumi á einstaklinga – fleiri á konur en karla. Þeir viðmælendur sem unnu hjá stærri fyrirtækjum komu að framleiðslu á einkennisfatnaði, vinnu- og útivistarfatnaði, t.d. með því að teikna upp snið eftir hugmyndum hönnuða, útbúa prufuflíkur og hafa eftirlit með framleiðslu sem flutt er inn. Önnur verkefni sem viðmælendur sinntu voru t.d. sniðavinna

fyrir hönnuði, sérsaumur fyrir auglýsingar, kvikmyndir og leikhús, þjóðbúningar, fataviðgerðir, tískuteikningar og smærri framleiðsla.

Vinnutími á viku var að meðaltali rétt tæpar 40 klukkustundir en dæmi var um að unnar væru 60 klukkustundir á viku. Fimm unnu í hlutastarfi eða færri en 30 stundir á viku. Sé meðaltalsvinnutími reiknaður einungis fyrir viðmælendur í fullu starfi var hann 46 klukkustundir á viku. Þrír höfðu einnig annað starf og þrír stunduðu nám með vinnu.

Viðmælendur höfðu fjölbreytta menntun að baki eins, auk náms í fataiðngreinum sem sjá má á mynd 5.1.1.



Mynd 5.1.1 Menntun

Spurt var um allt nám sem viðmælendur hefðu lokið og því eru fjöldatölur hærri en 19. Þeir sem höfðu meistararéttindi í klæðskurði/kjólasaumi þannig með í fjöldatölum um sveinspróf. Um helmingur hafði einnig lokið stúdentsprófi og nokkuð margir höfðu kennsluréttindi. Útskriftarár úr námi í fataiðngreinum voru frá 1982 til 2004.

5.2 Kröfur um færni

Spurningar um færni skiptust í grundvallarfærni (lestur, ritun, reikning og erlend tungumál), samvinnu- og samskiptafærni (þ.m.t. frumkvæði og hugmyndaauðgi), skipulagsfærni og færni í að nota gögn og upplýsingar.

Í töflu 5.2.1 má sjá niðurstöður um grundvallarfærni. Í stuttu máli reyndi nokkuð mikið á grundvallarfærnina, sérstaklega í reikningi og lestri.


Tafla 5.2.1 Grundvallarfærni

	Hlutfall
Ég les eyðublöð og einfaldar leiðbeiningar	71%
Ég les stutt bréf og minnisblöð	88%
Ég les ýtarlegar leiðbeiningar	65%
Ég les fræðsluefni	94%
Ég hef átt í vandræðum með að skilja texta sem ég les vegna starfsins	35%
Ég nota samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu eða geri einfaldar mælingar í starfinu	100%
Ég reikna út flatarmál, ummál eða rúmmál	53%
Ég reikna prósentur	82%
Ég reikna verð á vöru eða þjónustu	53%
Ég hef átt í vandræðum með reikning í starfi	25%
Ég útfylli eyðublöð, reikninga eða vinnuskýrslur	87%
Ég þarf að semja og skrifa texta í tengslum við starfið	63%
Ég skrifa starfsáætlanir eða leiðbeiningar	63%
Ég hef átt í vandræðum með ritun í starfi	19%
Stafsetningarkunnátta mín er góð	69%
Ég þarf stundum að tjá mig á erlendu tungumáli í starfinu	82%
Ég les efni á erlendu tungumáli í starfinu	88%
Ég skrifa á erlendu tungumáli í starfinu (bréf, tölvupóst)	65%
Ég reyni stundum að forðast erlend tungumál í starfinu	12%

Spurt var sérstaklega um gerð flatra teikninga og sniðagerð á gínu undir liðnum reikningur. Nær allir, eða 94% gerðu flöt snið og um helmingur, 47%, gerði snið á gínu. Töluvert margir sáu um bókhald. Miðað við hve mikið reyndi á fjölbreyttar reikniaðferðir voru það tiltölulega fáir sem áttu í erfiðleikum með þennan færniþátt.

Enska var langalgengasta erlenda tungumálið sem viðmælendur notuðu. Þar á eftir kom þýska (einungis hvað varðar lestur) og svo danska.

Á mynd 5.2.1 má sjá niðurstöður um samskipta- og samvinnufærni. Þrátt fyrir að fáir störfuðu að staðaldri í samvinnu við aðra, m.a. vegna eðlis fyrirtækjanna, gátu margir ráðfært sig við aðra í sama fagi vegna verkefna. Mest reyndi á samskipti við viðskiptavini, bæði augliti til auglitis og í síma. Samskipti við stofnanir eða fyrirtæki voru oft vegna atriða er snéru að rekstri fyrirtækja.




Mynd 5.2.1 Samskipti og samvinna

Þrátt fyrir að vinnustaðir hafi verið fámennir höfðu samt margir reynslu af því að segja öðrum til í starfi, oft nemendum í starfsnámi. Ágreiningur í starfi var eðlilega lítill hvað yfirmenn og samstarfsfólk snerti en um 27% höfðu einhvern tíma lent í ágreiningi við viðskiptavini, t.d. vegna greiðslu fyrir verkefni eða framkvæmd vinnunnar.

Fjölbreytni í starfinu er mikil, tæp 90% töldu sig sífellt vinna að mismunandi verkefnum. Allir höfðu komið með nýjar hugmyndir varðandi starfið og var tilgangurinn oftast að koma með tillögur að nýjum flíkum en næst oftast að einfalda verk/auka afköst.

Á mynd 5.2.2 eru niðurstöður úr hluta spurninga um skipulagsfærni.



Mynd 5.2.2 Skipulagsfærni

Minna reyndi á vörupantanir og skipulagningu á tíma annarra sem spurt var um sem hluta af skipulagsfærni.

Í síðasta hluta grundvallarfærni var spurt um meðferð gagna og upplýsingatækni.


Tafla 5.2.1. Meðferð gagna og upplýsingatækni

	Oft	Stundum	Aldrei
Ég flokka og raða gögnum, t.d. reikningum	69	6	25
Ég skrái gögn í tölvu	31	13	56
Ég leita að gögnum í tölvu	38	31	31
Ég vinn úr tölvugögnum	25	19	56
Ég vinn með stafrænar myndir	25	25	50
Ég geri snið í tölvu	0	0	100

Flestir þurftu að halda utan um einhver gögn, oft vegna reksturs fyrirtækis, og einnig snið sem raða þurfti í möppur og fleira. Um helmingur viðmælenda skráði aldrei gögn inn í tölvu og þriðjungur leitaði aldrei að gögnum í tölvu, t.d. á Netinu. Nokkuð var um vinnslu á stafrænum myndum en enginn gerði snið í tölvu. Ástæður þess voru m.a. smæð fyrirtækja, sem ekki höfðu bolmagn til að kaupa slík forrit og einnig sögðust margir ekki hafa kunnáttu til að nota þau. Nánar er fjallað um sniðagerð í tölvu í kafla um símenntun og óskir um námskeið.

5.3 Mikilvægi færniþátta og námsþátta


Á mynd 5.3.1 má sjá niðurstöður úr mati viðmælanda á eigin færni í grundvallarfærniþáttunum ásamt mati þeirra á hve mikilvægur hver þáttur væri í starfi þeirra. Hægt var að velja milli þriggja svarmöguleika í hvorri spurningu fyrir sig, þ.e. *vel*, *sæmilega* og *ábótavant* varðandi eigin færni og *mjög*, *nokkuð* og *lítið* þegar spurt var um mikilvægi í starfi.



Mynd 5.3.1 Færniþættir – mikilvægi og mat á eigin getu

Flestir töldu sig vel í stakk búna að sinna flestum þessara færniþátta, þó var minna en helmingur viðmælanda sem taldi sig standa vel í að nota erlend tungumál í starfi. Mikilvægustu færniþættirnir að mati viðmælanda voru skipulagning, tjáning, samskipti, samstarf, ákvarðanataka og frumkvæði. Lestur og ritun var minnst mikilvægast.

Á sama hátt voru viðmælendur beðnir að meta eigin getu og mikilvægi nokkurra áfanga sem eru í námi í fataiðngreinum. Niðurstöður þess má sjá á mynd 5.3.2.



Mynd 5.3.2 Námsþættir – mikilvægi og mat á eigin getu

Grunnteikning og fríhendisteikning voru þeir námsþættir sem viðmælendum þóttu minnst mikilvægastir en fatagerð og sniðagerð voru mikilvægustu námsþættirnir í starfi. Mikilvægi námsþáttar og færni viðmælenda í honum fylgdust að mestu að, þó var töluvert bil hvað varðaði tískuteikningu, verksmiðjusaum, stærðarbreytingu og prufusaum.

6. ALMENN LÝSING Á STARFSSVIÐI

Í starfaflokkun Hagstofu Íslands, ISTARF 95³ eru störf í fataiðngreinum í klasanum **743 Sérhæft starfsfólk í textíl- og fataiðnaði** ásamt þrjónafólki, feldskerum, bólstrurum og ullarflokkunarmönnum. Flokkurinn **7433 Klæðskerar, kjólameistarar og hattarar** inniheldur svo störfin sem hér er fjallað um, þ.e. klæðskurð og kjólasaum. Enga lýsingu á starfssviði þessa flokks er að finna í ISTARF 95. Árið 1996 var unnin almenn lýsing á starfi við klæðskurð og kjólasaum á vegum verkefnisins Færnikröfur starfa.⁴ Sú lýsing var grunnurinn að þeirri starfssviðslýsingu sem hér er birt en lýsingin var borin undir alla viðmælendur og breytingar gerðar eftir því sem við átti.

Klæðskerar og kjólameistarar starfa á eigin verkstæði, á saumastofu og í fataverksmiðju, við að gera snið og sauma fatnað. Helstu verkefni þeirra eru:

- Ræða við viðskiptavini um efni og snið, útfæra eigin hugmyndir og / eða viðskiptavina, veita persónulega ráðgjöf, taka mál, teikna og gera snið, ýmist stök eða í ákveðnu númerakerfi til fjöldaframleiðslu;
- Sérsaumar fót úr efni sem viðskiptavinir leggja til eða sjá um að velja og panta efni;
- Geta starfað við framleiðslustjórnun, verkstjórn eða haft faglega umsjón í fataverksmiðju eða á stærri saumastofu; útfæra snið í samráði við fatahönnuð, stjórnendur fyrirtækis eða viðskiptavini, taka mál, skrá pantanir og upplýsingar um óskir viðskiptavina, sjá um verklýsingu á sniðavinnu samkvæmt þeim málum sem tekin hafa verið, undirbúa og hafa yfirumsjón með verki, stjórna og hafa eftirlit með vinnu við sauma, taka á móti viðskiptavinum sem koma til að máta flíkur og gerir breytingar eftir þörfum;
- Starfa stundum í fataverslunum eða fataleigum við ráðgjöf og breytingar á tilbúnum fatnaði;
- Eiga stundum í samskiptum við erlendar saumastofur varðandi sniðagerð, prufusaum og gæðaeftirlit með fataframleiðslu;
- Geta m.a. sérhæft sig í gerð þjóðbúninga, fatnaðar í yfirstærðum og fyrir fatlaða, einnig gerð vinnu- og skjólfatnaðar eða búninga fyrir leikhús og kvikmyndir.

Helstu breytingar frá eldri lýsingu, sem túlka má sem þróun starfsins, voru þær að meiri áhersla er á vinnu á eigin saumastofu og sérsaum sem fært var ofar í lýsingu. Einnig er tækjalýsing tekin út, lýsing á framleiðslustjórnun aukin og bætt við lýsingu á samskiptum við erlenda samstarfsaðila. Sérhæfing klæðskera annars vegar og kjólameistara hins vegar virtist ekki eiga lengur við og var þeirri lýsingu sleppt.

³ Íslensk starfaflokkun. 1995. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

⁴ Starfslýsingar II. Sérgreinar í iðnaði og þjónustu. 1996. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). Reykjavík: IÐNÚ.

7. Tillögur að breytingum á námi

Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur átt sér stað töluverð vinna við tillögur um endurskipulag náms í fataiðngreinum. Fengu kennarar þar m.a. styrk frá Þróunarsjóði framhaldsskóla við þá vinnu. Í stuttu máli eru niðurstöður kennarahópsins þær að námið verði þrjú ár í stað fjögurra. Starfsþjálfun verði ekki hluti af náminu, það fari alfarið fram innan veggja skólans og ljúki með lokaverkefni en sveinspróf falli niður. Áherslubreytingar eru helstar þær að flókin sniðagerð og saumur á flóknari flíkum s.s. spariklæðnaði/kjólum detti út en grunnþekking á sniðagerð og saumur á einfaldari flíkum verði aukin. Aðgreining í kjólasaum og klæðskurð fari fram á næst síðustu (þá fimmtu) önn námsins. Í könnun þessari var allítarlega spurt um nýja námsþætti og skipulag náms. Nær öllum fannst lengd námsins eins og það er nú hæfileg. Einungis einum viðmælanda fannst það of langt. Hins vegar taldi meirihluti, eða 65%, að aðgreina ætti fyrr í kjólasaum og klæðskurð eða strax eftir fjórar annir. Þeir sem vildu hafa óbreytta tímasetningu á aðgreiningunni nefndu því helst til stuðnings að þá væri einfaldara fyrir nemendur að ljúka námi í báðum greinum.

Viðmælendur sögðu m.a.:

- Aðgreina eftir 2 ár og hafa þá fleiri brautir til að sérhæfa sig á, kjólasaum/klæðskurð/hönnun/leikhús og svo framvegis.
- Ætti að vera hægt að taka sveinspróf í báðum greinum á auðveldan hátt.
- Aðgreina eftir eina önn, ekki vera að læra allan þennan tíma og fá ekki réttindi í því. Fólk er ákveðið hvað það vill læra.

Viðmælendur skiptust í þrjá nokkuð jafna hópa þegar spurt var hvort kenna ætti dömuklæðskurð til jafns við kjólasaum og klæðskurð. Rúmum þriðjungi fannst það mjög mikilvægt, þriðjungi fannst það nokkuð mikilvægt og tæpum þriðjungi fannst að ekki ætti að kenna dömuklæðskurð. Meirihluti vildi fá meiri þemavinnu inn í námið, þannig að nemendur á ólíkum brautum ynnu saman að verkefnum eins og er oft raunin í atvinnulífni.

Þegar spurt var hvort leggja ætti áherslu á fatahönnun í námi í fataiðngreinum skiptust viðmælendur í jafn stóra hópa; með og á móti. Þeir sem ekki vildu fatahönnun inn í námið rökstuddu það m.a. með því að þetta væru tvær ólíkar greinar sem ekki ætti að blanda saman. Þá væri hvorug greinin það sem hún ætti að vera. Þeir sem hins vegar vildu fatahönnun inn í námið voru spurðir með hvaða hætti þeir sæju það helst gerast og má sjá hluta af þeim svörum í næsta kassa.

- Mætti vera meira um fatahönnun, erfitt að bæta því inn en þörf á breytingum. Mjög skemmtilegt að fá samstarf, t.d. við Listaháskóla Íslands (LHÍ).
- Það er þegar snert á þessu í náminu, en ætti að vera meira flæði á milli IR og LHÍ svo fólk gæti farið á milli.
- Auðveldast innan skólans en kannski erfitt að koma því við. Kannski samvinna við LHÍ.
- Hafa gestakennara. Svo finnst mér það ekki gott skipulag að hafa þetta [fataiðngreinar og fatahönnun] aðskilið í IR og LHÍ. Búa þarf til góðan pakka úr báðum skólum á einum stað.
- Fatahönnun er allt önnur grein; en verðum að fá grunn fyrst áður en hægt er að fá vinnustofur og þess háttar. Betra að hafa teymisvinnu með nemum í hönnun.
- Ef meiri hönnun á að fara inn þá þarf lengra nám. Er gott að hafa fatahönnun inni en ekki á kostnað iðnarinnar. Gott að fá utanaðkomandi t.d. frá LHÍ. Þverfaglegt, besta mál. Opnar leið á milli og nemendur kynnast einhverju.
- Gestakennarar og opnar vinnustofur. Þetta er samt iðngrein en mætti setja áfanga í hugflæði, frá hugmynd í flík.
- Opnar vinnustofur, ætti að vera val.

Spurt var um afstöðu viðmælenda til átta námsþátta sem ekki eru í námi í fataiðngreinum í dag. Hugmyndin var einungis að kanna viðhorf, án tillits til hvort unnt væri að taka viðkomandi námsþætti inn í námið. Í töflu 6.1 má sjá þessa námsþætti, ásamt hugmyndum viðmælenda um hversu ítarlega þeir vildu sjá kennsluna í hverjum fyrir sig og hvenær í námi þeir teldu námsefnið eiga best við. Í töflunni er sýnt hversu margir töldu þörf á viðkomandi námsþætti, fjöldi eininga að meðaltali sem viðmælendur vildu sjá og algengustu tímasetningu sem nefnd var.

Tafla 5.6 Nýir námsþættir

	Já	Hve mikið	Hvenær
Valgreinar; barnaföt, undirföt, sundföt o.fl.	89%	5 einingar	Hvenær sem er
Sniðagerð á gínu (drapering)	83%	4 einingar	Hvenær sem er
Sniðagerð í tölvu	72%	6 einingar	Hvenær sem er
Rekstur smárra fyrirtækja	61%	3 einingar	Undir lok náms
Markaðsfræði	61%	3 einingar	Hvenær sem er
Framleiðslustjórnun	56%	3 einingar	Eftir 2 ár í námi
Gæðaeftirlit í framleiðslu	44%	2 einingar	Hvenær sem er
Samskipti við erlenda samstarfsaðila	44%	3 einingar	Eftir 2 ár í námi

Þrátt fyrir að margir hafi verið fylgjandi flestum þessum námsþáttum var nokkur hópur á þeirri skoðun að ekki ætti að gera námið þannig að tæpt væri á mörgum hlutum og fagþekking viki til hliðar. Þekkingu á markaðsmálum og rekstri ætti að hafa annars staðar. Þegar viðmælendur voru spurðir opið um hvaða námsþætti þeir vildu sjá í náminu komu eftirfarandi svör:

- Byrja starfsþjálfun fyrir og hafa hana lengri – bæta við einni önn.
- Hafa svigrúm – meira val, t.d. kenna ráðgjöf um fataval og hefðir.
- Tengja sniðagerð meira í praktík, gera stærri hluti t.d. í léreft, ekki bara í A4 stærð. Þá fá nemendur meira öryggi og þora meiru í vinnunni.
- Koma inn meira viðskiptaviti, gera sér grein fyrir því hvað viðskiptavinurinn vill. Þetta snýst allt um viðskipti, hvað má hluturinn kosta og svo framvegis.
- Áfangi í fjöldaframleiðslu. Meiri þjálfun í því. Hraði og færni. Þetta mætti vera snemma, á fyrrihluta námsins.
- Tölvugradering, þó mætti það ef til vill vera í meistaranámi.
- Myndi vilja hafa meira samstarf við aðrar greinar, t.d. LHÍ hönnunardeild.
- Aðgreina nám eftir 2 ár og hafa þá 3 annir sérstaklega. Lengja verknámið.
- Tískuteikningu. Hönnunarforrit/tískuteikniforrit. Flatar teikningar.

Margir voru á þeirri skoðun að námið ætti að vera tveggja ára grunnur sem allir tækju, svo væri val um nokkrar brautir með ákveðinni sérhæfingu en þar af væri ein braut þar sem ljúka mætti námi eins og það er nú. Annars komu fram eftirfarandi hugmyndir og athugasemdir um námið:

- Hefði viljað meiri þjálfun í skóla í verksmiðjusaumi og hraðsaumi.
- Alls ekki breyta náminu þó aðstæður í atvinnulífi hafi breyst
- Hefði viljað meiri þjálfun í skólanum varðandi sniðagerð og bókhald.
- Ef það á að bæta einhverju nýju við þarf að lengja námið samkvæmt því, ekki henda neinu út eða minnka. Má ekki vera knappara.
- Starfsþjálfunaraðili ætti að fá greitt til að sinna nemum og nemar fái námslán.
- Styttu námið, hafa meiri tölvunotkun, kynningu/markaðsmál/framleiðslustjórnun = breyta náminu mikið.
- Námið er góður undirbúningur fyrir framhaldsnám.
- Ætti að gera 20 ára tilraun þar sem hætt yrði að kenna fagið. Það fjármagn sem sparaðist mætti nota til að styrkja nemendur til þess að fara til útlanda og læra þetta. Taka svo stöðuna að þessu loknu.
- Breyta náminu án þess að tapa niður þekkingunni. Bæta val eftir tveggja ára grunnnám. Láta þá skarast meira fatagerð, hönnun, myndlist fyrir þá sem vilja. Einnig halda þeirri leið opinni að fara hefðbundna 4 ára leið. Samræmi milli LHÍ og IR

8. SÍMENNTUN OG ÓSKIR UM NÁMSKEIÐ

Þrátt fyrir fremur langa starfsreynslu viðmælenda höfðu fremur fáir, eða fimm af 19, sótt símenntun í starfi, þar af einungis einn á síðustu 12 mánuðum áður en viðtalið var tekið. Þegar þetta hlutfall er skoðað ber þó að hafa í huga að nokkrir höfðu farið aftur í formlegt skólanám (bætt við sig sveinsprófi í hinni greininni eða farið í meistaranám). Þeir sem ekki höfðu sótt símenntun bentu á að lítið framboð væri af námskeiðum í faginu.

Í töflu 7.1 má sjá hvaða námskeiðsefni viðmælendur vildu sjá í boði. Ef fleiri en ein ósk barst um tiltekið námskeið er fjöldatala í sviga.

Tafla 7.1 Óskir um námskeið

Tölvusniðagerð (5)	Tölvudrapering (4)	Tölvugradering
Sniðagerð á gínu (2)	Textílfraði	Vinnsla skinna (2)
Markaðsfræði	Sniðagerð (3)	Bókhald
Almenn tölvunotkun	Sameindauppbygging í nýjum eignum	Stjórnun
Útsaumur	Tískuteikniforrit, almenn teikniforrit	Töskugerð
Áætlanagerð	Lita- og formfræði	Framleiðslustjórnun
	Verðlagning vöru og þjónustu	

Einnig vildu nokkrir að í boði yrðu námskeið í þeim námsþáttum sem spurt var um í hugmyndum að nýjum námsgreinum (sjá töflu 5.6).

9. SAMANTEKT

Störf viðmælenda í þessari úttekt voru nokkuð fjölbreytt og reyndi töluvert á grundvallarfærniþætti eins og reikning (t.d. við sniðagerð og bókhald) og lestur; bæði á íslensku og erlendum tungumálum. Viðmælendur virtust ekki eiga í teljandi vandkvæðum með að beita grundvallarfærni í starfinu; samskipti gengu einnig mjög vel. Misjafnt var hve mikið reyndi á samvinnu vegna eðlis fyrirtækjanna, einungis 24% unnu oft í samstarfi við aðra, en flestir gátu þó ráðfært sig við kunningja í faginu vegna einstakra verkefna eða úrlausnarefna. Flestir skipulögðu tíma sinn sjálfir sem og flesta aðra þætti í kringum starf sitt sem að miklu leyti má rekja til þess að viðmælendur áttu oft fyrirtækin sjálfir. Tölvunotkun var ekki sérstaklega áberandi og engir gerðu snið í tölvu. Hins vegar óskuðu margir eftir námskeiðum í tölvunotkun, s.s. sniðagerð og stærðarbreytingar í tölvu.

Fatagerð, sniðagerð og stærðarbreyting voru þeir áfangar í náminu sem nýttust viðmælendum best í starfi en fæstir nefndu fríhendingeikningu og grunnteikningu. Þeir nýju námsþættir sem hlutu mestan hljómgrunn voru valgreinar (í ýmsum sérhæfðum greinum), sniðagerð á gínu (drapering), sniðagerð í tölvu, rekstur smárra fyrirtækja og markaðsfræði. Um það bil helmingur vildi bæta fatahönnun við námið.

Þrátt fyrir að störf í fataiðngreinum hafi breyst töluvert á síðustu árum og atvinnutækifærum fækkað er enn mikil ásókn í nám í fataiðngreinum við Iðnskólann í Reykjavík og mikill áhugi nemenda á listnámsbrautum annarra framhaldsskóla. Það var álit margra viðmælenda að breyta þyrfti náminu töluvert til þess að það byggi nemendur betur undir atvinnulífið en þó var ákveðin íhaldssemi varðandi núverandi leið – því að hún gæfi svo góða tæknilega færni. Sú hugmynd að námið yrði annars vegar fjögurra anna grunnám og svo væri unnt að velja um nokkrar námsleiðir með ólíkri sérhæfingu kom upp í viðtölum við nokkuð marga viðmælendur en annars er vísað til ummæla þeirra í skýrslunni. Sú staðreynd að kennarar í fataiðngreinum hafa þegar lagt vinnu í tillögur að endurskipulagningu námsins og hve margir viðmælenda vildu sjá breytingar á skipulaginu sýnir að nauðsynlegt er að hefja markvissa vinnu í þá átt.